

(B. XXI, 1).

**Nd.**

**49. Frumvarp**

til laga um sildarhræðslu.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Óheimilt er að reka sildarverksmiðjur á Íslandi nema að fengnu leyfi til þess, sem ríkisstjórnin veitir samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru aðalskilyrði til þess að geta fengið leyfi til að reka sildarverksmiðju:

1. Leyfið veitist að eins nafngreindum manni eða fjelagi.
2. Leyfið er bundið við ákveðinn stað og að hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn mæli með.
3. Leyfishafi skal hafa byrjað að reisa verksmiðjuna áður en ár er liðið frá veiting leyfisins og rekstur skal hafinn áður en 2 ár eru liðin.
4. Leyfishafa er skylt að nota innlenda verkamenn við stofnun og rekstur

- verksmiðjunnar, ef þeirra er kostur. Getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.
5. Leyfishafi er skyldur að láta af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, allt að  $\frac{1}{5}$  hluta þeirrar framleiðslu verksmiðjunnar, sem nota mætti til áburðar eða fóðurbætis innanlands, með niðursettu verði frá því, sem vara þessi er seld fyrir komin á skipsfjöl. Skulu um þetta gerðir árlegir samningar milli stjórnarráðsins og leyfishafa.
  6. Við veiting leyfisins skal leyfishafi greiða gjald í rikissjóð í eitt skifti fyrir öll, 50 þús. til 250 þús. kr. Ákveður stjórnarráð Íslands gjaldið í hlutfalli við stærð verksmiðjunnar. Enn fremur skal leyfishafi greiða árlegt gjald í rikissjóð, er nemi frá 50 þús. til 250 þús. kr., eftir framleiðslumagni verksmiðjunnar. Ákveður ríkisstjórnin upphæð gjaldsins í hvert sinn. Nánari ákvæði um greiðslu gjaldsins setur stjórnarráðið. Gjöld þessi má taka lögtaki. Þau hafa forgangsrjett fyrir öllum skuldum, sem á verksmiðjunni kunna að hvila.
  7. Leyfishafa er skylt að hlíta öllum þeim skilyrðum, sem stjórnarráðið kann að setja um eftirlit með því, að settum skilyrðum sje fullnægt. Getur stjórnarráðið skipað eftirlitsmann til þess að gefa því gætur.
  8. Leyfið er veitt um ákveðið árabil og eigi lengur en til 20 ára.
  9. Auk framanritaðra skilyrða má binda leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem í hvert sinn þykja nauðsynleg vegna almenningsheilla.

### 3. gr.

Sje það örugglega sannað fyrir ríkisstjórninni, að sá maður, sem sækir um leyfi, eða fjelag sje eingöngu skipað islenskum ríkisborgurum, eða þegn-um þeirra rikja, sem að dómi stjórnarráðsins veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir islenskar afurðir, er stjórnarráðinu heimilt að veita undanþágu frá 5. og 6. lið 2. gr. að nokkru eða öllu leyti. Skal leyfishafi árlega láta stjórnarráðinu tje gögn fyrir því, að þannig sje því varið um eigendur verksmiðjunnar.

f

### 4. gr.

Verksmiðjur þær, sem þegar hafa verið reknar um hrið, þá er lög þessi ganga í gildi, skulu undanþegnar skilyrðum 1. málsgreinar 6. liðs 2. gr., en að öllu öðru leyti skulu þær hlíta lögum þessum.

### 5. gr.

Með mál, sem rísa út af vangeymslu þessara laga, skal farið eins og almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn síðari málsgrein 3. gr. sakamálsmeðferð.

### 6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 5 þús. til 50 þús. kr.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

## Greinargerð.

Rúmlega hálf tveggja árum er liðið síðan hækkaður var til stórra muna innflutningstollur á íslenskt saltkjöt í Noregi. Síðan hefir tollurinn tvívegis verið hækkaður, og í síðara skiftið, í des. f. á., svo stórlega, að hann er nú um það bil helmingur af verði kjötsins, 70 kr. á tunnu. Svo hár tollur er í rauninni nálega sama sem innflutningsbann á íslensku saltkjöti í Noregi. En það er alkunnugt, að síðustu árin hefir útlendi markaðurinn fyrir saltkjöt langsamlega mest verið í Noregi.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir af hálfu hinnar íslensku landsstjórnar, hefir enn ekki tekist að ná neinum samningum um tilslakanir á tollinum, og á undangenginni sögu málsins verða litlar vonir reistar um það, að samningar takist um málið.

Þess ber enn að geta, að þótt tollur sje á öllu innfluttu kjöti til Noregs, þá kemur hann þó langþyngst niður á íslensku saltkjöti, því að tollurinn er þungatollur, en ekki verðtollur, en íslenska saltkjötið er stórum mun verðlægra en hið nýja eða kælda og frysta kjöt, sem aðrar þjóðir flytja til Noregs.

Þar sem íslenskum landbúnaði er hin mesta hættu búin af tolli þessum, þar sem íslenska ríkið hlýtur að þurfa að grípa til sjerstakra og kostnaðarsamra ráðstafana til stuðnings landbúnaðinum undir þessum kringumstæðum, og þar sem Norðmenn með þessum tolli veita Íslendingum harðari kosti en öllum öðrum þjóðum, virðist ekki mega hjá því komast að athuga hin beinu og óbeinu viðskifti landanna í milli í heild sinni og leita ráða að vinna að einhverju leyti þann halla upp, sem íslenskir bændur verða fyrir vegna þessara alveg sjerstaklega hörðu tollkjara.

Samkvæmt hagskýrslunum norsku 1921 (Norges Handel 1921 — Norges offsielle Statistikk VII, 68, bls. 228) hefir innflutningur á íslenskum vörum til Noregs á því ári verið sem hjer segir:

Kjöt ... ..	3941000 kr.
Söltuð síld ... ..	94100 —
Saltur fiskur ... ..	52100 —
Kryddaður fiskur ... ..	67200 —
Ull ... ..	51100 —
Lýsi og fiskolía ... ..	57400 —
Aðrar vörur ... ..	36500 —

Samtals 4299400 kr.

Um skýrslu þessa mun einkum vera það að athuga, að flestar vörurnar, aðrar en kjötið, munu að vísu vera fluttar til Noregs, en munu vera fluttar þaðan aftur til neyslu eða notkunar annarsstaðar. Mun það að vísu eiga við um 2.—4. og 6. lið skýrslunnar. Mun því óhætt að segja, að raunverulegur innflutn-

ingnr íslenskra afurða til Noregs hafi numið um 4 milj. kr. árið 1921, og sje nálega eingöngu kjöt.

Hinsvegar bera skýrslur það með sjer, að hingað hafa flust árið 1921 norsk- ar vörur fyrir c. 3 milj. kr. (sjá nánar athugasemdir við frv. um sjerstakan vörutoll, á þingskj. 51). Og sömuleiðis bera skýrslur Hagstofu Íslands það með sjer, að norsk skip hafa á árinu 1922 annast svo mikla flutninga fyrir Íslendinga á árinu 1922, að áætla má, að þeir hafi þegið gjald fyrir sem nemur 2,5 milj. kr. (sjá nánar athugasemdir við frv. um lestagjald af vöruflytningaskipum, þingskj. 50).

Af þessu er það ljóst, að Norðmenn hafa meiri hag af viðskiftum við Ísland en Íslendingar af viðskiftum við þá. Og þó munu þessar skýrslur ekki gefa fulla mynd af ástandinu eins og það er nú, því að fyrst og fremst má gera ráð fyrir, að innflutningur á saltkjöti til Noregs hafi minkað síðan 1921, vegna hinnar gífurlegu tollhækkunar, og í annan stað er það víst, að Norðmenn hafa aukið verslun sína og siglingar hingað hin allra síðustu ár.

Eins og ástæðum öllum er lýst hjer að framan, virðist auðsætt, að íslenska ríkið ætti að afla sjer tekna á þessum grundvelli.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er einn liðurinn í þeim ráðstöfunum.

Alkunnugt er, að norskir menn hafa rekið sildarverksmiðjur hjer á landi. Mun óhætt að fullyrða, að sá atvinnuvegur er næsta arðvænlegur og mun eiga mikla framtíð fyrir sjer. Virðist sjálfsagt, að ríkið noti sjer það sem tekjustofn undir þessum kringumstæðum.

Frv. er að forminu til að mestu sniðið eftir frv. til laga um vatnsorku- sjerleyfi, sem nú liggur fyrir Alþingi.

▲ð lokum skal það tekið fram, að væri hætt á að af frv. þessu stafaði niðurlagning einhverra sildarverksmiðja, þeirra sem reknar hafa verið undanfarið, væri sjálfsagt, að gerðar yrðu ráðstafanir til, að atvinnurekstur þessi legðist ekki niður, en færðist á innlendar hendur.